

## Ú R S K U R Ð U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 1. júlí 2010 í málinu nr. X-61/2009:**

**Commerzbank International S.A.,**

**Sparkassen Kronjylland,**

**Totalbanken A/S,**

**HSH Nordbank AG Copenhagen Branch,**

**Eik Bank A/S,**

**Bayerische Landesbank,**

**Bank et Caisse d'Épargne de l'État,**

**UBI Banka International S.A.,**

**United Overseas Bank Ltd.,**

**Société Générale Paris,**

**Ralfeisen Zentralbank Österreich AG,**

**Natixis**

**og**

**Bayerische Hypo- und Vereinsbank AG**

*(Benedetto V. Nardini hdl.)*

**gegn**

**Þrotabúi Samsonar eignarhaldsfélags ehf.**

*(Helgi Birgisson hrl.H)*

### **I.**

Mál þetta var þingfest 8. janúar sl., en þá var lagt fram bréf skiptastjóra í Þrotabúi Samsonar eignarhaldsfélags ehf., móttekið 20. október 2009, þar sem óskað var dómsmeðferðar vegna ágreinings um lýsta kröfu í bú varnaraðila. Erindinu var beint til héraðsdóms á grundvelli 171. gr. laga nr. 21/1991, um

gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. og 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

Endanlegar kröfur sóknaraðila eru:

- Að felld verði úr gildi ákvörðun skiptastjóra um að viðurkenna ekki að sóknaraðili hafi átt veðrétt fyrir kröfu sinni samkvæmt kröfulýsingu sóknaraðila í bú varnaraðila, dags. 21. janúar 2009, í innstæðu reiknings nr. 0101-38-711046, að fjárhæð 465.952,99 evrur.
- Að viðurkennt verði að krafa sóknaraðila, að fjárhæð 465.952,99 evrur, að viðbættum 3,8% ársvöxtum frá 20. nóvember 2008 til 10. janúar 2009, með 2,8% ársvöxtum frá og með 11. janúar 2009 til og með 10. febrúar 2009, með 1,9% ársvöxtum frá og með 11. febrúar 2009 til og með 20. mars 2009, með 1,6% ársvöxtum frá og með 21. mars 2009 til og með 10. apríl 2009, og loks með 1% ársvöxtum frá og með 11. apríl 2009 til og með 17. ágúst 2009, en með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, njóti rétt hæðar búskrófu samkvæmt 110. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili, þb. Samsonar eignarhaldsfélags ehf., krefst þess aðallega að héraðsdómur staðfesti þá ákvörðun skiptastjóra að krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila, vegna innstæðu á reikningi nr. 0101-38-711046, sé fallin niður vegna vanlýsingar. Til vara er þess krafist að dómurinn viðurkenni að varnaraðila beri að úthluta til sóknaraðila 73.330.001 krónu á grundvelli 110. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Þá krefst varnaraðili hæfilegs málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 10. júní sl.

## II.

Bú Samsonar eignarhaldsfélags ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 12. nóvember 2008 og var Helgi Birgisson hrl. skipaður skiptastjóri búsjns. Fyrri innköllun birtist í Lögbirtingablaðinu 21. nóvember 2008 og lauk kröfulýsingarfresti 21. janúar 2009. Meðal þeirra er lýstu kröfu í búið var Commerzbank International S.A., bæði fyrir sína hönd og annarra sóknaraðila, á grundvelli umboðs bankans sem umsjónarmanns sambankaláns sem krafan byggði á. Krafan var alls að fjárhæð 104.084.028 evrur, auk 1.500 Bandaríkjadala. Í kröfulýsingu sóknaraðila, sem dagsett er 21. janúar 2009, er kröfunni þannig lýst: *Krafa þessi er byggð á lánasamningi dags. 28. mars 2007 milli ofangreindra kröfuhafa og Samson Eignarhaldsfélags ehf., sem lántakanda, að fjárhæð EUR 100.000.000 („Lánasamningurinn“) sbr. fylgiskjal nr. 1. sem gjaldfelldur var þann 10. október 2008 vegna vanefndaatviks. [...] Kröfur samkvæmt Lánasamningnum eru tryggðar með veði í bréfum Landsbanka Íslands hf. sbr. veðsamning milli Samson Eignarhaldsfélags ehf. sem veðsala og Commerzbank sem umsjónarmanns (e: Security Trustee) dags. 28. mars 2007 sbr. fylgiskjal nr. 2 og eru allar skuldbindingar veðsala gagnvart lánveitendum samkvæmt Lánasamningnum tryggðar skv. veðsamningnum sbr. skilgreiningu á „Secured Liabilities“ á bls. 2 í fylgiskjali nr. 2. Kröfunni var í heild lýst sem veðkröfu í samræmi við 111. gr. laga*

nr. 21/1991. Með kröfulýsingunni fylgdu lánasamningur og veðsamningur, hvort tveggja dagsett 28. mars 2007, auk tilkynningar um gjaldfellingu, dagsettrar 10. október 2008. Öll voru skjölin á ensku.

Skiptastjóri varnaraðila samþykkti kröfuna, að öðru leyti en því að kröfum vegna innheimtu- og lögfræðikostnaðar var skipað í flokk eftirstæðra krafna. Lögmaður kröfuhafa mótmælti þeirri afstöðu skiptastjóra og krafðist þess að sá kostnaður yrði einnig viðurkenndur sem veðkrafa.

Í áður nefndu bréfi skiptastjóra til Héraðsdóms Reykjavíkur segir að skiptastjóra hafi í júní 2009 borist fyrirspurn frá lögmanni sóknaraðila um innstæðu á reikningi varnaraðila hjá Landsbanka Íslands hf., nr. 0101-38-711046. Taldi lögmaðurinn að hún hefði átt að vera til tryggingar kröfum samkvæmt áður nefndum lánasamningi og krafðist þess að fjárhæðin yrði afhent Commerzbank, ásamt áföllnum vöxtum. Upplýst er að Landsbanki Íslands hf. hafði 5. desember 2008, að ósk skiptastjóra varnaraðila, fært innstæðuna á reikning þrotabúsins, án þess að tekið væri fram að þriðji aðili kynni að eiga réttindi til hennar. Í tilefni af þessari kröfu boðaði skiptastjóri lögmann sóknaraðila til fundar 23. júlí 2009, þar sem bókuð var sú afstaða skiptastjóra að síðbúin krafa sóknaraðila væri niður fallin vegna vanlýsingar. Lögmaður sóknaraðila mótmælti afstöðu skiptastjóra. Með bréfi 5. ágúst 2009 tilkynnti skiptastjóri lögmanni sóknaraðila að ágreiningi aðila yrði vísað til úrlausnar héraðsdóms, bæði þeim ágreiningi er laut að innheimtu- og lögfræðikostnaði sóknaraðila, en einnig vegna hinnar síðbúnu kröfu sóknaraðila. Þrátt fyrir það barst skiptastjóra ný og breytt kröfulýsing frá sóknaraðila 23. september 2009, þar sem m.a. voru færð fram rök fyrir því að sóknaraðilar ættu veð í innstæðureikningi varnaraðila, nr. 1010-38-711046, hjá Landsbanka Íslands hf.

Við upphaf munnlegs málflutnings lögðu aðilar fram bókun þess efnis að þeir hefðu náð samkomulagi um að leiðrétt krafa sóknaraðila vegna innheimtu- og lögfræðikostnaðar nyti rétthæðar samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 21/1991, að svo miklu leyti sem veðið hrykki til, en sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. sömu laga, vegna þess sem út af stæði. Samkvæmt því er hér aðeins til úrlausnar ágreiningur aðila um hvort sóknaraðilar eigi veðrétt fyrir kröfu sinni að fjárhæð 465.952,99 evrur í innstæðu reiknings nr. 0101-38-711046, og hvort sú krafa njóti rétthæðar búskröfu samkvæmt 110. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

### III.

Sóknaraðilar byggja á því að þeir hafi í heild lýst kröfu sinni sem veðkröfu samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991 og hafi skiptastjóri samþykkt kröfuna sem slíka. Í upphaflegri kröfulýsingu hafi verið tekið fram að kröfur samkvæmt lánasamningnum væru tryggðar með veði í bréfum Landsbanka Íslands hf., og vísað í því efni til meðfylgjandi veðsamnings milli Samsonar eignarhaldsfélags ehf., sem veðsala, og Commerzbank, sem umsjónarmanns. Einnig væri þar tekið fram að allar skuldbindingar veðsala gagnvart lánveitendum samkvæmt lánasamningnum væru tryggðar samkvæmt veðsamningnum, og vísað til skilgreiningar á hugtakinu *Secured Liabilities* í veðsamningnum. Með þessum hætti telja sóknaraðilar að þeir hafi með skýrum og ótvíræðum hætti vísað beint til ákvæða veðsamningsins, þótt ekki hafi berum orðum verið tekið fram í kröfulýsingunni að einnig væri um að ræða tryggingu í innstæðu á nánar tilgreindum bankareikningi í eigu varnaraðila. Skiptastjóra hafi hins vegar borið

skylda til að kynna sér efni og ákvæði þeirra samninga sem vísað hafi verið til og fylgt hafi kröfulýsingunni, í þessu tilviki lánasamnings og veðsamnings aðila. Byggja sóknaraðilar á því að skiptastjóra hafi verið óheimilt að styðjast aðeins við kröfulýsinguna, enda sé kröfuhafi þar aðeins að gera grein fyrir kröfu sinni á grundvelli þeirra gagna sem krafan byggist á og fylgja kröfulýsingunni. Að þessu leyti telja sóknaraðilar að skiptastjóri hafi sýnt af sér gáleysi við yfirferð á kröfulýsingu þeirra. Benda þeir einnig á að þeir hafi í kröfulýsingunni áskilið sér rétt til að útlista kröfuna nánar og afla frekari gagna, óskaði skiptastjóri þess. Þar sem engin slík ósk hafi komið fram hafi sóknaraðilar mátt ætla að krafan hefði verið samþykkt í samræmi við kröfulýsinguna og fylgigögn. Skiptastjóri hafi heldur ekki gert neinar athugasemdir við kröfulýsinguna, sem honum var þó rétt að gera samkvæmt 2. mgr. 119. gr. laga nr. 21/1991, ef hann taldi að slíkir vankantar væru á henni að ekki ætti að fallast á þá skuldaröð sem krafist var. Í ljósi þessa hafi sóknaraðilar ekki hreyft mótmælum við afstöðu skiptastjóra á kröfuhafafundi 20. febrúar 2009, enda hafi þeir talið að krafan væri þá samþykkt í samræmi við kröfulýsinguna.

Kröfur sóknaraðila byggjast einnig á því að skiptastjóri varnaraðila hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi, þegar innstæða á hinum veðsetta reikningi, að fjárhæð 465.952,99 evrur, var millifærð að kröfu hans inn á reikning í eigu varnaraðila og hinum veðsetta reikningi lokað, þrátt fyrir skýlaust ákvæði veðsamningsins um að viðhalda ætti hinni veðsettu fjárhæð inni á reikningnum. Með því hafi skiptastjóri ónýtt veðið áður en kröfulýsingarfrestur rann út, og hafi veðhafar því ekki notið þeirrar réttarverndar sem veðinu var ætlað að tryggja. Skiptastjóri hafi því brotið gegn 2. mgr. 123. gr. laga nr. 21/1991 og valdið sóknaraðilum bótaskyldu tjóni, að svo miklu leyti sem sóknaraðilar fá ekki kröfu sína greidda úr búi varnaraðila. Slík bótakrafa njóti stöðu búskröfu samkvæmt 3. tölulíð 110. gr. sömu laga og því beri skiptastjóra að sjá til þess að umkrafin fjárhæð verði greidd sóknaraðilum úr öðrum sjóðum varnaraðila. Telja sóknaraðilar ótæka þá niðurstöðu að skiptastjóri hafi svo rúmar heimildir að hann geti ónýtt veðandlagið með þeim einu afleiðingum að sóknaraðilar eignist skaðabótakröfu á hendur honum samkvæmt 4. mgr. 77. gr. laga nr. 21/1991, í stað áður veðtryggðrar kröfu sinnar.

Að öðru leyti en að ofan greinir vísa sóknaraðilar til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglna samningaréttar um skyldu til samningsefnda. Krafa þeirra um vexti og dráttarvexti styðst við III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 og 114. gr. laga nr. 21/1991. Málkostnaðarkrafa er reist á 173. gr. laga nr. 21/1991 og 130. gr. laga nr. 91/1991.

#### IV.

Aðalkrafa varnaraðila er á því reist að ætlaður veðréttur sóknaraðila sé glataður vegna vanlýsingar, enda hafi þeir fyrst með nýrri kröfulýsingu 23. september 2009 talið til réttinda yfir innstæðu á reikningi nr. 0101-38-711046. Því til stuðnings bendir varnaraðili á að ekki verði annað ráðið af upphaflegri kröfulýsingu sóknaraðila en að þar sé á því byggt að kröfur þeirra njóti aðeins veðréttar í hlutabréfum Landsbanka Íslands hf., enda sé því ekki hreyft að þeir kunni að eiga önnur og víðtækari veð, svo sem í innstæðum þrotabúsins hjá Landsbanka Íslands hf. Mótmælir hann þeirri röksemdafærslu sóknaraðila að skiptastjóra hafi verið óheimilt að láta sér nægja að styðjast við kröfulýsinguna sjálfa, þegar hann tók

afstöðu til kröfunnar. Vísar hann í því efni til 2. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991, þar sem fram kemur að kröfulýsing þurfi nánast að uppfylla sömu kröfur og stefna í einkamáli. Í því felist að kröfuhafi þurfi að láta í ljós hverra réttinda hann telji að krafa hans njóti. Þannig eigi kröfulýsing að leggja fullnægjandi og tæmandi grundvöll að kröfunni, svo skiptastjóri geti tekið afstöðu til hennar, og eigi framlögð gögn að vera henni til stuðnings. Skiptastjóri eigi hins vegar ekki að rannsaka fylgigögn kröfulýsingar og freista þess að ráða í hvaða réttarstöðu krafan kunni að njóta. Um leið bendir varnaraðili á að í 118. gr. laga nr. 21/1991 sé að finna undantekningar frá því að krafa tapist gagnvart þrotabúi fyrir vanlýsingu. Þar sem þær undantekningar eigi hér ekki við, áréttar varnaraðili að sóknaraðilar geti ekki komið að kröfum sínum í málinu.

Varnaraðili leggur á það áherslu að meðal upphafsráðstafana skiptastjóra sé að afla upplýsinga um eignir þrotabúsins og taka við umráðum þeirra. Meðal eigna búsins hafi verið innstæða á reikningi í Landsbanka Íslands hf., nr. 0101-38-711046, að fjárhæð 465.952,99 evrur. Að kröfu skiptastjóra hafi fjárhæðin verið lögð inn á reikning búsins 5. desember 2008, án nokkurra athugasemda um að þriðji aðili kynni að eiga réttindi til hennar, enda hafi á reikningsyfirliti verið skráð að reikningurinn væri opinn. Áður en til þess kom hefði skiptastjóri þó ritað öllum þekktum kröfuhöfum bréf 27. nóvember 2008 og tilkynnt þeim að hann hygðist færa allar innstæður í erlendum gjaldmiðlum yfir á reikning þrotabúsins í Landsbanka Íslands hf. Sóknaraðilar hafi þá engum andmælum hreyft við því að þrotabúið hefði ráðstöfunarrétt yfir þeim reikningi sem hér er um deilt. Fyrst í júní 2009 hafi lögmaður sóknaraðila upplýst skiptastjóra um að sóknaraðilar teldu sig eiga tilkall til innstæðunnar. Því eigi sú fullyrðing sóknaraðila, að skiptastjóri hafi sýnt af sér gáleysi við yfirferð kröfulýsingarinnar, og að sú háttsemi hans að millifæra fjárhæðina á bankareikning þrotabúsins hafi verið ólögmat og saknæm, ekki við nein rök að styðjast.

Fallist dómurinn á kröfur sóknaraðila, er varakrafa varnaraðila á því reist að sóknaraðilar eignist þá búskröfu í þrotabúið, sem geti aðeins numið andvirði þeirra fjármuna sem fluttir voru af umræddum reikningi inn á reikning þrotabúsins 5. desember 2008, þ.e. 73.330.001 krónu.

## V.

Frestur til að lýsa kröfum í bú varnaraðila rann út 21. janúar 2009. Þann sama dag lýstu sóknaraðilar kröfu sinni í búið, alls að fjárhæð 104.084.028 evrur, auk 1.500 Bandaríkjadala. Fram kemur í kröfulýsingunni að krafan byggist á lánasamningi 28. mars 2007, sem gjaldfelldur var 10. október 2008, og séu kröfur samkvæmt lánasamningnum tryggðar með veði í bréfum Landsbanka Íslands hf. samkvæmt veðsamningi aðila, einnig frá 28. mars 2007. Orðrétt segir þar einnig: *...og eru allar skuldbindingar veðsala gagnvart lánveitendum samkvæmt Lánasamningnum tryggðar skv. veðsamningnum sbr. skilgreiningu á „Secured Liabilities“ á bls. 2 í fylgiskjali nr. 2. Þar undir falla samningsbundnir vanefndavextir sem og skuldbindingar veðsala, hins gjaldþrota félags, til að greiða allan kostnað lánveitenda af því að viðhalda réttindum eða innheimta lánið. Því er ofangreindum höfuðstól, samningsvöxtum sem og innheimtu- og lögfræðikostnaði lýst í heild sinni sem veðkröfu í samræmi við 111. gr. laga nr. 21/1991. Bæði lánasamningurinn og veðsamningurinn fylgdu kröfulýsingunni, merkt sem fylgiskjal 1 og 2, svo og tilkynning um gjaldfellingu lánsins, dagsett 10. október 2008, merkt sem fylgiskjal*

3. Öll fylgiskjölin voru á ensku, en hafa verið lögð fram í íslenskri þýðingu.

Í umræddum veðsamningi er í grein 1.5 að finna skilgreiningar á hugtökum lánasamningsins og veðsamningsins, m.a. á hugtakinu „Secured Liabilities“. Orðrétt er hugtakið þar skilgreint þannig í íslenskri þýðingu: „Tryggðar Fjárskuldbindingar“ *stendur fyrir allar núverandi og framtíðar skyldur og skuldbindingar (hvort sem er raunverulegar eða skilyrtar og hvort sem þær eru skuldaðar sameiginlega eða aðskildar eða í hvað formi sem er) Lántaka gagnvart Fjármögnunaraðilum (eða hluta af þeim) samkvæmt hverju Fjármögnunarskjali, ásamt öllum eðlilegum kostnaði og gjöldum Fjármögnunaraðila í tengslum við vernd, viðhald eða fullnustu viðkomandi réttinda samkvæmt Fjármögnunarskjölunum, eða öðrum skjölum sem sýna fram á eða tryggja slíkar skuldbindingar.* Í sömu grein eru einnig skilgreind hugtökin veð (e: Collateral) og vörslureikningur (e: Custody Account). Samkvæmt þeim skilgreiningum var sóknaraðilum sett að veði hlutabréf Samsonar eignarhaldsfélags ehf. í Landsbanka Íslands hf., VS-reikningur félagsins í Landsbanka Íslands hf. og reikningur félagsins nr. 0101-38-711046, einnig í Landsbanka Íslands hf., allt til tryggingar skuld veðsala samkvæmt áðurnefndum lánasamningi. Eins og áður segir kemur fram í kröfulýsingu að hlutabréfin séu til tryggingar kröfu sóknaraðila samkvæmt lánasamningnum, en í engu er þar getið um aðrar tyggingar.

Skiptastjóri varnaraðila samþykkti kröfu sóknaraðila, að öðru leyti en því að kröfum vegna innheimtu- og lögfræðikostnaðar var skipað í flokk eftirstæðra krafna. Var krafan þannig að stærstum hluta færð á kröfuskrá sem veðkrafa samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991. Kröfuskráin, ásamt skýrslu skiptastjóra og öðrum gögnum, var lögð fram á skiptafundi í búi varnaraðila 20. febrúar 2009. Voru þá m.a. bókuð mótmæli lögmans sóknaraðila við afstöðu skiptastjóra til innheimtukostnaðar. Mótmælin voru ítrekuð á fundi skiptastjóra og lögmans sóknaraðila 30. mars sama ár. Í bókun síðari fundarins kemur fram að skiptastjóri geti ekki fallist á að samþykkja lögfræði- og innheimtukostnað kröfuhafans sem veðkröfu.

Meðal gagna málsins eru bréf frá lögmanni sóknaraðila til skiptastjóra varnaraðila, dagsett 23. júní og 17. júlí 2009, þar sem þess er krafist að innstæða á reikningi varnaraðila nr. 0101-38-711046 í Landsbanka Íslands hf. verði greidd sóknaraðilum þá þegar, ásamt vöxtum. Í bréfunum er vísað til þess að innstæðan hafi verið veðsett sóknaraðilum til tryggingar láni þeirra til Samsonar eignarhaldsfélags ehf., og bent á ákvæði veðsamningsins því til stuðnings, m.a. skilgreiningar veðsamningsins á hugtökunum veð og fjárvörslureikningur. Eins og fyrr greinir féllst skiptastjóri ekki á rök sóknaraðila og hafnaði því að greiða þeim umkrafða fjárhæð. Var það mat hans að síðbúin krafa þeirra væri niður fallin gagnvart þrotabúinu. Sóknaraðilar mótmæltu afstöðu skiptastjóra og sendu honum nýja og breytta kröfulýsingu 23. september 2009, þar sem ítarlega var gerð grein fyrir því að krafa þeirra væri bæði tryggð með veði í hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. og í tilteknum fjárvörslureikningum, meðal annars reikningi nr. 0101-38-711046.

Í 2. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., segir að í kröfulýsingu skuli tiltaka kröfur svo skýrt sem verða má, svo sem fjárhæð kröfu og vaxta í krónum og hveurrar stöðu sé krafist að hún njóti í skuldaröð, eða um afhendingu hlutar, ákvörðun á tilgreindum réttindum á hendur þrotabúinu o.s.frv. Í lokamálslið

ákvæðisins kemur fram að einnig skuli þar greina þær málsástæður sem kröfuhafi byggir rétt sinn á, svo og önnur atvik sem þarf að greina samhengis vegna. Af þessum fyrirmælum má ráða að kröfulýsing þarf nánast að vera í sama búningi og stefna í einkamáli. Í 119. gr. sömu laga er síðan mælt fyrir um skyldur skiptastjóra til að annast gerð kröfuskrár, þar sem getið skal hvers efnis kröfurnar séu, fjárhæða þeirra og umkrafinnar stöðu í skuldaröð. Þá segir þar að skiptastjóri skuli láta í ljós sjálfstæða afstöðu sína til þess hvort og þá hvernig hann telji að viðurkenna eigi hverja kröfu. Í sömu grein er einnig fjallað um hvernig staðið skuli að tilkynningu skiptastjóra til kröfuhafa, fallist hann ekki að öllu leyti á kröfu, svo og um skyldu skiptastjóra til að leggja kröfuskrá fram til sýnis fyrir kröfuhafa. Hvorki er í 119. gr. né öðrum ákvæðum laga nr. 21/1991 að finna fyrirmæli um að skiptastjóra beri sjálfstætt að kanna hvort kröfuhafi kunni að eiga aðrar eða réttthærri kröfur á hendur búinu en lýst er í kröfulýsingu, eða um skyldu hans til að benda kröfuhafa á slíkt, enda verður að ætla að kröfuhafi búi sjálfur yfir betri vitneskju um kröfu sína en skiptastjóri. Kröfuhafi ræður því einnig sjálfur hvort og að hve miklu leyti hann lýsir kröfu sinni í þrotabúið, láti það ógert eða krefjist lakari stöðu í skuldaröð en hann kann að eiga. Ætlist hann hins vegar til þess að tiltekin krafa njóti sérstöðu í skuldaröð verður hann að krefjast þess berum orðum.

Að álitni dómsins var upphafleg kröfulýsing sóknaraðila ekki þannig úr garði gerð að ráða mætti af henni að sóknaraðilar væru þar jafnframt að krefjast viðurkenningar á veðrétti í innstæðu á áðurnefndum reikningi varnaraðila í Landsbanka Íslands hf. Bæði gaf hún beinlínis til kynna að sóknaraðilar krefðust aðeins viðurkenningar á veðrétti þeirra í hlutabréfum varnaraðila í Landsbanka Íslands hf., en geymdi einnig ónákvæma og misvísandi tilvísun til skilgreiningar í meðfylgjandi veðsamningi, þar sem ekkert kom fram um að krafan væri tryggð með veði í umræddum bankareikningi. Þar sem skiptastjóri viðurkenndi kröfuna sem veðkröfu, að innheimtu- og lögfræðikostnaði frátöldum, hafði hann enga ástæðu til að óska frekari gagna til stuðnings kröfunni eða gera að öðru leyti athugasemdir við kröfulýsingu sóknaraðila. Hins vegar var full ástæða fyrir sóknaraðila til þess að ganga úr skugga um það við móttöku kröfuskrár, og síðar á skiptafundi 20. febrúar 2009, að krafan nyti einnig veðréttar í áðurnefndum bankareikningi. Raunar skýtur það skökku við að sóknaraðilar haldi því fram að í upphaflegri kröfulýsingu hafi einnig falist krafa um viðurkenningu á veðrétti í bankareikningnum, þegar þess er gætt að skiptastjóri tilkynnti þeim bréflega 27. nóvember 2008 að hann hygðist færa allar innstæður varnaraðila á gjaldeyrisreikningum við Landsbanka Íslands hf. yfir á reikning þrotabúsins. Sóknaraðilar mótmæltu að sönnu þeirri fyrirætlan skiptastjóra, en með þeim rökum aðeins að hagsmunum kröfuhafa væri betur borgið með því að halda í erlendan gjaldeyri, í ljósi þeirrar miklu óvissu sem þá ríkti um stöðu íslensku krónunnar. Ekki var þar minnst á að sóknaraðilar ættu veð í einum eða fleiri gjaldeyrisreikningum varnaraðila.

Fyrri krafa sóknaraðila byggir á því að í upphaflegri kröfulýsingu þeirra frá 21. janúar 2009 hafi með fullnægjandi hætti verið gerð grein fyrir því að krafa þeirra væri bæði tryggð með veði í hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. og í innstæðu reiknings varnaraðila, nr.0101-38-711046. Í ljósi ofanritaðs hafnar dómurinn þeirri málsástæðu sóknaraðila og áréttar að í kröfulýsingu þeirra var ekki að því vikið að krafa þeirra nyti einnig veðréttar í umræddum bankareikningi. Þar sem sú krafa kom fyrst fram eftir lok kröfulýsingarfrests var hún fallin niður gagnvart þrotabúinu, sbr. 1. mgr. 118. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Þær

undantekningar frá meginreglu ákvæðisins um réttaráhrif vanlýsingar, sem taldar eru upp í 118. gr., eiga ekki við um það tilvik sem hér er til umfjöllunar.

Síðari kröfu sóknaraðila, þess efnis að krafa þeirra að fjárhæð 465.952,99 evrur, ásamt nánar tilgreindum vöxtum og dráttarvöxtum, njóti rétt hæðar búskrófu samkvæmt 110. gr. laga nr. 21/1991 verður einnig hafnað, enda hafa sóknaraðilar hvorki fært sönnur á að fyrir hendi séu skilyrði til þess að fella bótaábyrgð á varnaraðila vegna aðgerða eða meints aðgerðaleyfis skiptastjóra, né sýnt fram á að krafa þeirra njóti rétt hæðar samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991, sem þó er skilyrði þess að bótaskylda verði lögð á varnaraðila á grundvelli 3. mgr. 123. gr., sbr. 3. töluliður 110. gr. sömu laga.

Samkvæmt ofanrituðu verður kröfum sóknaraðila hafnað, en staðfest sú ákvörðun skiptastjóra varnaraðila að krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila, vegna innstæðu á reikningi nr. 0101-38-711046 í Landsbanka Íslands hf., sé fallin niður vegna vanlýsingar.

Með vísan til 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991 og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður sóknaraðilum óskipt gert að greiða varnaraðila málskostnað, sem ákveðst hæfilegur 400.000 krónur.

Ingimundur Einarsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

## **Ú R S K U R Ð A R O R Ð:**

Staðfest er ákvörðun skiptastjóra varnaraðila, þrotabús Samsonar eignarhaldsfélags ehf., um að krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila, vegna innstæðu á reikningi nr. 0101-38-711046 í Landsbanka Íslands hf., sé fallin niður vegna vanlýsingar.

Sóknaraðilar greiði óskipt varnaraðila 400.000 krónur í málskostnað.

Ingimundur Einarsson